



## 7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

---

### TILLAGA AÐ SAMÞYKKT UM NÁMSLEYFI

---

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 telur mjög mikilvægt að félagsmönnum sé gert kleift að stunda framhaldsnám á launum samhliða starfi og aðgangur að slíku námi á háskólastigi verði tryggður. Einnig þarf að auka möguleika félagsmanna til launaðra námsorlofa og til þess að stunda rannsóknir samhliða störfum sínum í skólunum.

Brýnt er að auka íslenskar menntarannsóknir á öllum skólastigum og þátttöku Íslands í alþjóðlegum rannsóknum. Samband íslenskra sveitarfélaga er hvatt til að fjölga námsleyfum, bæði ársleyfum og leyfum til styttri tíma.

Aðalfundur beinir því til stjórnar og samninganefndar FG að halda áfram vinnu að þessu markmiði.